


Ljósmæðrafélag Íslands

100 ára

*Við tökum vel
á móti þér*



**Sýning í Þjóðarbókhöðu
opnuð 5. maí 2019**



 Landsbókasafn Íslands
Háskólabókasafn

 KVENNASÖGUSAFN
ÍSLANDS

Ljósmaðrafélag Íslands í eina öld

Þann 2. maí árið 1919 komu 20 ljósmaður saman á heimili Þórdísar Elínar Jónsdóttur Carlquist ljósmóður og eiginmanns hennar, Alex Wilhelm Carlquist vindlagerðarmanns, á Laugavegi 20 í Reykjavík í þeim tilgangi að stofna félag ljósmæðra. Tilgangur með stofnun félagsins var að efla hag ljósmæðrastéttarinnar og standa vörð um kjör þeirra. Einnig að glæða áhuga þeirra og þekkingu fyrir öllu því er að ljósmæðrastarfi þeirra laut. Í þessum 20 kvenna hópi voru 10 nýútskrifaðar ljósmæður frá Yfirsetukvennaskólanum. Aðeins fæddist eitt stúlkubarn í Reykjavík daginn sem félagið var stofnað og því hafa flestar starfandi ljósmæður í Reykjavík átt þess kost að mæta á stofnfund félagsins.

Aðalhvatakonur að stofnun félags ljósmæðra voru Þuríður Bárðardóttir og Þórdís Elín Jónsdóttir Carlquist. Höfðu þær sent öllum skipuðum ljósmæðrum á landinu, um 200 talsins, bréf og sagt þeim frá væntanlegri stofnun félagsins og tilgangi. Svör höfðu borist frá á annað hundrað ljósmæðrum. Þær vildu stofna félag og þær voru einnig reiðubúnar að hætta störfum ef laun þeirra yrðu ekki bætt. Kjarabarátta ljósmæðra er því gömul saga og ný.

Hlaut félagið nafnið, „Ljósmaðrafélag Íslands“ og er fyrsta stéttarfélag faglærðra kvenna á Íslandi. Í fyrstu stjórn Ljósmaðrafélags Íslands voru ljósmæðurnar, Þuríður Bárðardóttir, formaður, Þórdís Elín Jónsdóttir Carlquist ritari, Þórunn Ástríður Björnsdóttir gjaldkeri. Í dag skipa stjórn félagsins sjö ljósmæður og núverandi formaður er sú sextánda í röð formanna.



Þuríður Bárðardóttir (1877–1955), fyrsti formaður Ljósmaðrafélags Íslands.



Margrét Grímsdóttir (1864–1945) hætti ljósmóðurstörfum fyrir réttum 100 árum, 1919.



Áslaug Valsdóttir formaður Ljósmaðrafélags Íslands.



Heiðursfélagar í Ljósmaðrafélagi Íslands. Frá vinstri: Áslaug Hauksdóttir, Hulda Jensdóttir, Ása Marinósóttir, Hildur Kristjánsdóttir, María Björnsdóttir, Margrét Guðmundsdóttir, Ólöf Ásta Ólafsdóttir, Kristín Tómasdóttir. Á myndina vantar Dýrfinnu Sigurjónsdóttur og Elínu Hjartardóttur. Myndin er tekin í mars 2019.

Ljósmæður sem hafa fengið fálkaorðu

Æðsta heiðursmerkið sem íslenska ríkið veitir fólki er fálkaorðan. Þessar ljósmæður hafa fengið riddarakross fálkaorðu:

Þórunn Ástríður Björnsdóttir (1859–1935) árið 1922
Þuríður Bárðardóttir (1877–1955) árið 1938
Þórdís Elín Jónsdóttir Carlquist (1879–1956) árið 1940
Jóhanna Laufey Friðriksdóttir (1889–1962) árið 1944
Guðrún Gísladóttir (1868–1954) árið 1945
Guðrún Halldórsdóttir (1904–1977) árið 1972
Elínrós Benediktsdóttir (1890–1974) árið 1974
Kristín Teitsdóttir (1891–1982) árið 1982
Steinunn Finnbogadóttir (1924–2016) árið 1982
Hulda Jensdóttir (f. 1925) árið 2003
Hildur Sæmundsdóttir (f. 1948) árið 2009
María Jóna Hreinsdóttir (f. 1953) árið 2011
Dýrfinna H. K. Sigurjónsdóttir (f. 1931) árið 2015



Nám ljósmæðra á Íslandi

Ísland getur í dag sagt með stolti að ljósmæður á Íslandi eru með þeim best menntuðu í heimi. Ljósmæður eru fyrsta fagstétt kvenna sem menntaðist á Íslandi. Alla tíð hafa þær sóst eftir bestu menntun sem völ er á, til að geta sinnt sínu fagi sem best. Nám í ljósmóðurfræði fluttist í Háskóla Íslands árið 1996. Frá 1982 hafði forkrafa inn í nám í ljósmóðurfræðum verið próf í hjúkrunarfræði. Fyrst ljósmæðra til að ljúka doktorsgráðu árið 2006 var Ólöf Ásta Ólafsdóttir. Fyrst ljósmæðra til að vera skipuð prófessor í ljósmóðurfræði við Háskóla Íslands árið 2017 er Helga Gottfreðsdóttir.

Formleg menntun ljósmæðra hófst árið 1761. Í embættisbréfi fyrsta landlæknis Íslands, Bjarna Pálssonar, stóð að honum væri skylt að veita „einni eða fleiri siðsömum konum tilhlýðilega fræðslu í ljósmóðurlist og vísindum.“ Landlæknir fékk sér til hjálpar lærða ljósmóður frá Danmörku, Margrete Katrine Magnusen. Var hún sögð æru- og frómleikskona hin mesta. Fyrstu íslensku konurnar sem luku prófi hjá landlækni voru Sigríður Guðmundsdóttir 33 ára og Þuríður Sigurðardóttir 38 ára, sem urðu yfirsetukonur í Reykjavíkursókn, Sigríður Höskuldsdóttir 49 ára og Valgerður Þorbjörnsdóttir 36 ára í Laugarnessókn og Gunnhildur Jónsdóttir 51 árs, í Nessókn.

Menntun ljósmæðra

- 1760** Fyrsti landlæknirinn kemur til Íslands og fær m.a. það verkefni að kenna konum yfirsetukvennafræði.
- 1761** Fyrsta lærða ljósmóðirin Margrete Katrine Magnusen, frá Danmörku sér um verklega kennslu.
- 1768** Auk landlæknis kenna fjórðungslæknar/héraðslæknar konum yfirsetukvennafræði.
- 1836** Fyrsta íslenska yfirsetukonan lýkur námi við Jordemoderskolen í Kaupmannahöfn.
- 1875** Yfirsetukvennalög sett. Landlæknir og héraðslæknar í Stykkishólmi, á Ísafirði, Akureyri og Eskifirði hafa með höndum kennslu yfirsetukvenna. Námið tekur þrjá mánuði. Skipaðar embættisljósmæður menntaðar frá Danmörku sjá um verklega tilsögn.
- 1911** Háskóli Íslands stofnaður, læknakennslan flyst þangað en ekki ljósmóðurkennslan.
- 1912** Yfirsetukvennaskóli stofnaður í Reykjavík. Landlæknir verður skólastjóri skólans og yfirkennari yfirljósmóðir Landspítalans. Námið tekur 6 mánuði. Aldursmörk skólans eru 18-36 ára.
- 1924** Nafn Yfirsetukvennaskólans í Reykjavík breytt í Ljósmæðraskóli Íslands. Námsstíminn lengdur í 9 mánuði. Aldursmörk skólans eru 22-35 ára.
- 1930** Ljósmæðraskólinn flytur í nýstofnaðan Landspítala. Á þakhæð spítalans er stór kennslustofa fyrir skólann.
- 1964** Ljósmæðranám lengt í tvö ár.
- 1972** Ljósmæðrum gefinn kostur á að ljúka hjúkrunarnámi á rúmum tveimur árum við Nýja hjúkrunarskólann.
- 1982** Inntökuskilyrði í Ljósmæðraskóla Íslands verður próf í hjúkrunarfræði og hjúkrunarleyfi á Íslandi.
- 1996** Ljósmæðranám flyst yfir í Háskóla Íslands og því lýkur eftir fjögurra ára BS nám í hjúkrunarfræði og tveggja ára nám í ljósmóðurfræði til kandiðatsgráðu *Candidata obstetriciorum*.

Útlit og atgervi hinnar fullkomnu íslensku ljósmóður átjándu aldar

Hún skal hverki vera of ung og óreynd, né of gömul, heldur miðaldra, með fullum kröftum, minni og forstandi, heil og ósjúk, ekki of lurkaleg, of feit, eða stirð í vikum; þar með skal hún vera snarráð, siðlát, glaðlynd og skynsöm, að hún kunni að lesa og skrifa, og sérdeildis að lesa; þar að auk forstandug og meðaumkunarsöm við fátæka, en fram yfir allt annað, skal hún vera guðhrædd og hafa góða samvisku.



Útskriftarhópur ljósmæðra frá Yfirsetukvennaskólanum í Reykjavík árið 1919 ásamt landlækni.



20. Útskriftarhópur ljósmæðra frá Háskóla Íslands, 2018.




Starfsemi Ljósmeðrafélagsins

Útgáfa — Fræðsla — Sköpun

Ljósmeðrablaðið

Ljósmeðrafélagið hefur gefið út *Ljósmeðrablaðið* samfellt frá því árið 1922. Það telst vera elst kvennablaða sem enn er í útgáfu. Í dag er blaðið ritrýnt fagtímarit og kemur út tvisvar á ári. Núverandi ritstjóri er Ólöf Ásta Ólafsdóttir.



Ljósmeðratalið

Árið 1984 kom út bókinn *Ljósmeður á Íslandi*, í tveimur bindum, gefin út af Ljósmeðrafélagi Íslands í tilefni 60 ára afmælis. Fyrri bindið er stéttartal og það seinna er um sögu félagsins frá 1919-1979 sem Helga Þórarinsdóttir ritaði. Síðari hlutinn er „Úr veröld kvenna – Barnsburður“, eftir Önnu Sigurðardóttur stofnanda Kvennasögusafns Íslands. Ritstjóri var Björg Einarsdóttir.



Fræðsla

Námskeið eru haldin á vegum félagsins, t.d. í saumaskap, nála-stungumeðferð og brjóstaggjöf.



Ljós móðir.is

Frá 2003 hefur Ljósmeðrafélagið rekið fræðsluvef fyrir verðandi foreldra og aðstandendur. Á vefnum er fjölbreytt fræðsluefni, áreiðanlegar upplýsingar um þætti er varða meðgöngu, fæðingu og sængurlegu. Einnig gefur félagið út fræðsluappið Ljósan.



Má ekki bjóða þér brjostið blessaði króinn minn leitaðu fljótt og finndu „formúlutappann“ þinn, og sjá! um leið og þú sýgur sogast úr brjóstinu gnótt af guðlegum drykk sem getur best gefið þér vöxt og þrótt.

Brot úr *Lífsins list* eftir Þórdísi Klöru Ágústsdóttur ljósmóður.

Starfsheitið ljósmóðir

Uppruni orðsins ljósmóðir er talinn vera frá rómverska gyðjuheitinu Lucina. Nafn gyðjunnar var dregið af latneska orðinu lux eða ljós að viðbættu viðskeytinu –ina sem notað var til að búa til kvenkynsnafn. Lucina hjálpaði konum við fæðingu, dró úr sársauka og sá til þess að allt færi vel. Starfsheitið ljósmóðir var formlega tekið upp í lögum um Ljósmaðraskóla Íslands frá 1932, áður voru ljósmaður kallaðar yfirsetukonur. Líklegast er elsta tilvitnun þar sem orðið ljósmóðir kemur fyrir úr Guðbrandsbiblíu frá 1584 en þar segir: „....og sem hún þjakadist meir og meir a Sængarförunne / sagde Ljósmodurin til hennar ...“

Ljósmóðir hefur verið valið fegursta orð íslenskrar tungu með rökstuðningnum: Tvö fallegustu hugtök veraldar sett í eitt.



Heimafæðing. Ljósmynd: Aldís Pálsdóttir.

Hver er ljósmóðir?

Ljósmóðir er sú sem lokið hefur viðurkenndu námi í ljósmóðurfræði með viðundandi vitnisburði og hefur hlotið leyfi yfirvalda til að kalla sig ljósmóður og stunda ljósmóðurstörf.

Ljósmóðir er ábyrgur fagaðili sem starfar í samvinnu við konur og veitir þeim nauðsynlegan stuðning, umönnun og ráðgjöf á meðgöngu, í fæðingu og sængurlegu. Hún stundar fæðingahjálp á eigin ábyrgð og annast nýbura og ungbörn. Umönnun felur í sér fyrirbyggjandi aðgerðir, stuðning við eðlilega fæðingu, greiningu frávika hjá móður og barni, bráðahjálp og milligöngu um læknishjálp eða aðra viðeigandi meðferð.

Ljósmóðir gegnir mikilvægu hlutverki í heilbrigðisráðgjöf og fræðslu til kvenna, fjölskyldna þeirra og samfélagsins. Í því felst fræðsla um heilbrigði, undirbúningur fyrir foreldrahlutverkið á meðgöngu, kynheilbrigði og umönnun barna.

Ljósmóðir getur starfað hvar sem er, í heimahúsum, úti í samfélaginu, á sjúkrahúsum, á stofum eða á heilsugæslustöðvum.

[Samþykkt Alþjóðasamtaka ljósmæðra í Brisbane, Ástralíu 2005, endurskoðað 2017 í Vancouver í Kanada].



Óluf Sigurðardóttir frá Hlöðum
ljósmóðir og skáld
(1857-1933)

Að afhenda mönnunum sonu,
og eignarmark föður skal fest
við hvern svein
sem fæddist – með leyfi! – af konu.

Brot út ljóði Ólafar *Kvenréttindamálið*.
Tekið úr grein eftir Helgu Kress, „Sem kvenfólkið er nú að gala.“


Ljósfeður

Ljóst er að bændur, hreppstjórar, prestar og járnsmiðir gengu í störf þeirra er liðsinntu fæðandi konum á Íslandi fram á 20. öld. Þessir karlar voru ýmist titlaðir yfirsetumenn eða ljósfeður. Gott hjartalag og hlýlegt, nærgætið viðmót er lýsing sem fengist hefur um störf þeirra en aðeins er vitað um einn er lauk ljósmæðraprófi á Íslandi en það var 26. mars árið 1776. Sumir þessara karla höfðu upplifað það að hafa misst mæður eða eiginkonur af barnsförum og þekktu mikilvægi rétttra, líknandi handtaka, aðrir áttu eiginkonu sem þeir fylgdu til fæðandi kvenna og lærðu handtök af þeim. Sammerkt með þessum yfirsetumönnum/ljósfeðrum er að þeir voru taldir nærfærnir, góðir, þolinmóðir, umhyggjusamir, höfðu löngun til að hjálpa konum og voru einnig gæddir mannkærleika og líknarlund.

Frástofnun Yfirsetukvennaskólans í Reykjavík 1912 hefur enginn karlmaður starfað sem ljósmóðir á Íslandi. Karlmenn fengu ekki aðgang að þeim skóla, og síðar hafa karlar ekki sótt um inngöngu í ljósmóðurnám á Íslandi.



Jónas Jónsson (1840-1927) frá Hróarsdal í Hegranesi.



Þorsteinn Þorleifsson (1824-1882), Kjörvogi.



Starfsemi Ljósmeðrafélagsins

Kjaramál — Alþjóðasamskipti

Kjarabaráttu ljósmæðra og menntun þeirra hefur nánast verið samþætt. Þegar fyrstu ljósmæður hófu störf 1761 þá var ekki ljóst hvernig launum til þeirra yrði háttað. Þær áttu að aðstoða fátækar fæðandi konur fyrir Guðs laun. Kjarabaráttu ljósmæðra hefur oft verið mjög hörð og er skemmst að minnast síðustu baráttu Ljósmeðrafélags Íslands árið 2018, sem stóð yfir í marga mánuði og stóð almenningur afar þétt við bak ljósmæða. Þó að nokkuð hafi áunnist er baráttu fyrir bættum hag stéttarinnar hvergi nærri lokið.



Fjöldi fólks mætti fyrir utan húsnæði ríkissáttasemjara til að sýna ljósmæðrum samstöðu fyrir samningafund þeirra og ríkisins. Ljósmynd: Vísir/Eyþór Árnason, 2018.



Á myndinni má sjá stuðningsmenn ljósmæðra mæta fyrir utan hús sáttasemjara meðan á samningafundi stóð sumarið 2018. Ljósmynd: Helgi Halldórsson/Freddi, 2018.

Ljósmeðrafélag Íslands hefur tekið þátt í alþjóðasamstarfi allt frá árinu 1950 þegar félagið gekk í Norðurlandasamtök ljósmæðra NJF (Nordisk Jordmor Forening). Árið 1957 gekk félagið í alþjóðasamtök ljósmæðra ICM (International Confederation of Midwives). Það var svo ekki fyrr en 2016 að Ísland gekk í Evrópusamtök ljósmæðra EMA (European Midwives Association). Ísland ásamt hinum Norðurlöndunum nýtur virðingar í alþjóðastarfi fyrir góða menntun ljósmæðra, sjálfstæði þeirra í starfi og góða heilsu mæðra og nýbura.



Hildur Kristjánsdóttir, forseti Norðurlandasamtaka ljósmæðra á forsiðu norska ljósmæðrablaðsins.

Nýjasta alþjóðaverkefnið sem Ljósmeðrafélag Íslands hefur tekið þátt í og jafnframt það viðamesta er samstarf félagsins við KNOV sem er hollenska ljósmæðrafélagið. Þetta verkefni kallast Twinning Up North. Það er hópur 28 ljósmæðra sem vinna saman að leiðum til að efla fagið og þjónustu við konur. Verkefnið er til þriggja ára og lýkur árið 2020.

Til hægri: Hópur íslenskra og hollenskra ljósmæðra þar sem þær hittust í Amsterdam á fyrsta fundi sínum innan Twinning Up North.



Hulda Jensdóttir ljósmóðir ávarpar ráðstefnugesti á Norðurlandaráðstefnu ljósmæðra 1983.

